

Ýmislegt.

19. flokkur.

Kindur og loðdýr	kr.	5.00	pr.	grip
Stórgripir	—	10.00	—	—
Reiðhjól, vélknúin	—	10.00	—	stykki
Reiðhjól	—	5.00	—	—
Dráttarvélar	—	100.00	—	—
Jeppar og fólksbifreiðar	—	150.00	—	—
Vörubifreiðar	—	200.00	—	—
Vinnuvélar, stórvirkar	—	250.00	—	—
Bátar, opnir	—	150.00	—	—
Nótabátar	—	200.00	—	—

Lægsta vörugjald í öllum flokkum skal vera kr. 2.00.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1962.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

30. nóvember.

Nr. 210.

AUGLÝSING**um hámarkshraða ökutækja í Seyðisfjarðarkaupstað.**

Hámarkshraði ökutækja er 35 km á klst. á öllum vegum innan lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Reglur þessar gilda þó ekki á eftirtöldum vegum:

- a. Þjóðvegnum af Bakkanum við vesturenda Vesturvegar áleiðis til Fjarðarheiðar.
- b. Vestdalseyrvægi, Eyrarvegi, Sandgötu og Útvegi.
- c. Strandarvegi utan við yztu hús á Strönd.

Á þessum vegum er hámarkshraði 70 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. umferðalaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. nóvember 1962.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.